

Holland varð að sjálfstæðu ríki undir forustu Vilhjálms af Óraníu eins hins besta manns, sem þá var uppi. Í Belgíu varð kaþólska kyrkjan með hjálp Jesúítanna mótmælendunum yfirsterkari og skiftust löndin við það.

Hvergi sýndi siðbótin betur en á Hollandi hversu skamt frjálsslyndi það sem henni var samfara náði. Kalvínstrúin varð smám saman þrengri og þrengri þar eftir því sem hún náði meiri útbreiðslu og fylgjendur hennar hættu að umbera aðrar trúarskoðanir þegar þeir voru orðnir einvaldir. Samt sem áður vildu ekki allir beygja sig undir vilja þeirra, og bráðlega hófst deila á milli þeirra sem voru of frjálsslyndir til að fylgja Kalvín og þeirra sem héldu skoðunum hans fram óbreyttum. Maður að nafni D. V. Koornhert frá Haarlem hélt fram að algert umburðarlyndi í trúarefnum ætti að eiga sér stað. Kaspar Koolhaes frá Leyden mótmælti forlagatrú Kalvíns; en sérstaklega barðist J. Arminíus prestur í Amsterdam og síðar háskólakennari í Leyden á móti ýmsum af kenningum Kalvíns. Skoðanir þessara manna voru dæmdar villu kenningar, og á kyrkjupingi, sem haldið var í bænum Dort 1618—19 var ákveðið að allir fylgjendur Arminíusar skyldu hætta að útbreiða skoðanir sínar, eða vera gerðir landrækir að öðrum kosti. Margir þeirra tóku síðari kostinn og fóru í burtu um hríð, en eftir nokkurn tíma var þeim leyft að koma aftur til Hollands og mynduðu þeir þá þegar allsterkan flokk; þessi flokkur bar síðan lengi nafn Arminíusar og viðurkendi hann sem leiðtoga sinn, en sá sem mestan þátt átti í myndun flokksins hét Símon Episcopíus. Arminíusarnir voru altaf mjög fámennir en á meðal þeirra voru margir hinna frægustu mentamanna, sem til voru í landinu. Nafnið er nú lagt niður, en hin svo nefnda frjálsslynda hollenska kyrkja, sem lengi hefir átt í baráttu við bæði kalvínsku og kaþólsku kyrkjuna, er beint áframhald af henni. Þó þessi hreyfing í áttina til frjálsra trúarbragða á Hollandi hafi aldrei náð mjög mikilli útbreiðslu þar, hefir hún samt haft viðtak áhrif á trú—og kyrkjumál um allan vesturhluta Norðurálfunnar.

Arminíus og fylgjendur hans héldu fram því, sem í raun og veru hafði verið grundvallaratriði hinna fyrstu siðbótarmanna,